



3. júní 2023
Tilv.: 2305199

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
b.t Utanríkismálanefndar Alþingis
nefnasvid@althingi.is

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna, 974. mál.

Með tölvupósti, dags. 31. maí sl., óskaði utanríkismálanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna, 974. mál, 153. löggjafarþing.

Seðlabanki Íslands styður efni frumvarpsins en telur rétt að koma á framfæri athugasemdum við tiltekna þætti þess.

Í 3. tölul. 3. gr. frumvarpsins eru eftirlitsaðilar tilgreindir, Fjármálaeftirlitið og ríkisskattstjóri. Seðlabankinn telur rétt að kveða fremur á um að Seðlabanki Íslands og ríkisskattstjóri, séu eftirlitsaðilar samkvæmt lögunum. Þessi breyting hefur áhrif á önnur ákvæði frumvarpsins þar sem Fjármálaeftirlitið er tilgreint, m.a. en þó ekki tæmandi talið, 5. mgr. 10. gr., 2. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr., 2. mgr. 29. gr. og 6. mgr. 30. gr. frumvarpsins.

Í 1. mgr. 13. gr. frumvarpsins er kveðið á um að tilteknir aðilar skuli hafa viðeigandi kerfi, ferla og aðferðir til að sinna eftirliti með því hvort viðskiptamenn þeirra og raunverulegir eigendur séu á listum yfir þvingunaraðgerðir. Aftur á móti kveður 2. mgr. 13. gr. á um að tilteknir aðilar skuli innleiða ferla og aðferðir til að meta hvort að viðskiptamenn og raunverulegir eigendur séu á listum yfir þvingunaraðgerðir. Seðlabanki Íslands tekur undir það sjónarmið að mismunandi kröfur skuli gerðar til tiltekinna tilkynningarskyldra aðila hvað varðar kröfur um kerfi, en telur þó að samræma þurfi orðalag ákvæðanna. Því leggur Seðlabanki Íslands til að 2. mgr. 13. gr. orðist svo:

„Tilkynningarskyldir aðilar skv. i–s-lið 1. mgr. 2. gr. laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018, skulu innleiða ferla og aðferðir til að sinna eftirliti með því hvort viðskiptamenn þeirra og raunverulegir eigendur séu á listum yfir þvingunaraðgerðir.“

Í 2. tölul. 1. mgr. 30. gr. frumvarpsins er tilvísun til 13. gr. um ráðstafanir til að meta hvort viðskiptamenn séu á listum yfir þvingunaraðgerðir og skjölun vegna slíkra ráðstafana. Seðlabanki Íslands vekur athygli á því að þessi tilvísun er ekki í

SEÐLABANKI ÍSLANDS

samræmi við 13. gr. frumvarpsins í heild þar sem aðeins er vísað til ráðstafana til að meta hvort viðskiptamenn eru á lista yfir þvingunaraðgerðir. Vísað er til athugasemdar við 1. og 2. mgr. 13. gr. hér að framan. Að lokum telur Seðlabanki Íslands nauðsynlegt að 2. tölul. 1. mgr. 30. gr. frumvarpsins kveði á um að stjórnvaldssektarheimild Seðlabankans nái til allra þeirra tilvika sem fram koma í 13. gr. frumvarpsins. Lagt er til að 2. tölul. 1. mgr. 30. gr. orðist svo:

„2. 13. gr. um ráðstafanir vegna eftirlits með því hvort viðskiptamenn og raunverulegir eigendur séu á listanum yfir þvingunaraðgerðir.

Að öðru leyti gerir Seðlabanki Íslands ekki athugasemdir við frumvarpið og styður framgang þess.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Rannveig Júníusdóttir
framkvæmdastjóri
Skrifstofa bankastjóra

Linda Kolbrún Björgvinsdóttir
framkvæmdastjóri
Háttsemiseftirlit

Fullgild rafræn undirskrift

Linda Kolbrún Björgvinsdóttir

03.06.2023 15:17

Fullgild rafræn undirskrift

Rannveig Júníusdóttir

03.06.2023 22:52